



# Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 1. febrúar 2023



## **Sjötti fundur 65. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, miðvikudaginn 1. febrúar 2023 kl. 12.00.**

Mættir voru, Guðmundur B. Ólafsson, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristján Gaukur Kristjánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson, og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Arnar Þorkelsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, og Ragnar Lárus Kristjánsson.

Fjarverandi: Engin

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
  - a. HM í Svíþjóð  
GBO fór yfir undirbúning og helstu atriði í kringum mótið. Öll ytri umgjörð gekk mjög vel og gekk búningasalan frábærlega. Mikil stemning var á leikjunum og voru áhorfendur til fyrirmyndar.  
Árangur liðsins á mótinu var vonbrigði þar sem markmið liðsins náðust ekki.
  - b. Staða styrktaraðila  
RG kynnti stöðu styrktaraðila. Nýir samningar voru gerðir við CCEP, Rapyd og Boozt.
3. Sjónvarpsmál  
Samningar eru lausir við Stöð 2 eftir tímabil og eru viðræður í gangi um endurnýjun samnings. Ýmsar lausnir eru í boði sem er verið að kanna.
4. Fjármál félaga  
RG fór yfir stöðu fjármála félaga. Töluverður árangur hefur náðst í innheimtu en fylgja þarf því duglega eftir núna í febrúar.
5. Dómaramál  
Samþykktar voru reglur um hjálma og mun dómara nefnd gefa þær út. Þá er verið að vinna að auglýsingaefni fyrir átak og fer það af stað í febrúar. Dómara nefnd er að taka harðar á bekkjarstjórnun. Samþykkt var einnig að lækka sektir um 50% fyrir hverja konu sem kemur inn.
6. Fræðslumál  
Æfingar hefjast á Akranesi í febrúar. Ingvar Ákason tekur æfingar þar á sunnudögum. Gunnar er með umsjón með verkefninu. Klára þarf starfið varðandi framtíð kvennahandboltans. Ólafur verður með umsjón þar ásamt Ingu og Kristínu. Skólamótið er ferli.
7. Önnur mál
  - a. Kvörtun barst frá Hkd. Fjölis. RG mun óska eftir greinarferð frá Hkd. Þórs.
  - b. Final four – Box fyrir fyrirtæki. Kannaður verður áhuginn.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari